

## REGLUR

### um aðlögun á grunnfjárhæðum í evrum fyrir starfsábyrgðartryggingu váttryggingamiðlara.

#### 1. gr.

##### Gildissvið.

Reglur þessar gilda um váttryggingamiðlara skv. lögum nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga.

#### 2. gr.

##### Váttryggingafjárhæðir starfsábyrgðartrygginga.

Váttryggingamiðlarar skulu við töku starfsábyrgðartrygginga skv. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga hafa starfsábyrgðartryggingu sem nær yfir allt Evrópska efnahagssvæðið eða aðra sambærilega tryggingu vegna bótaábyrgðar sem leiðir af gáleysi í starfi, fyrir a.m.k. að jafnvirði 1.564.610 evra í íslenskum krónum vegna hvers tjónsatviks og samtals að jafnvirði 2.315.610 evra í íslenskum krónum á ári vegna allra tjónsatvika, nema slík trygging eða sambærileg ábyrgðar-yfirlýsing sé þegar veitt af váttryggingafélagi, endurtryggingafélagi eða öðru félagi sem váttrygginga- eða endurtryggingamiðlarinn starfar fyrir, eða sem váttrygginga- eða endurtryggingamiðlarinn hefur umboð til að starfa fyrir, eða ef slíkt félag hefur tekið fulla ábyrgð á gerðum miðlarans.

#### 3. gr.

##### Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1935 frá 13. maí 2019 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir aðlögun á grunnfjárhæðum í evrum fyrir starfsábyrgðartryggingu og fyrir fjárhagslega getu váttryggingamiðlara og endurtryggingamiðlara, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2020 frá 23. október 2020. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55 frá 26. ágúst 2021, bls. 212-213.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/896 frá 5. desember 2023 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir aðlögun á grunnfjárhæðum í evrum vegna starfsábyrgðartryggingar og vegna fjárhagslegrar getu váttryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara og váttryggingamiðlara í hliðarstarfsemi, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2024 frá 12. júní 2024. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 65 frá 29. ágúst 2024, bls. 300-301.

#### 4. gr.

##### Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 5. mgr. 12. gr. laga nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga, öðlast þegar gildi. Á sama tíma falla úr gildi reglur nr. 775/2022 um aðlögun á grunnfjárhæðum í evrum fyrir starfsábyrgðartryggingu váttryggingamiðlara.

Seðlabanka Íslands, 26. nóvember 2024.

Ásgeir Jónsson  
seðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir  
framkvæmdastjóri.